



Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2024  
2404112/0.4.1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkraskrár, nr. 55/2009 (umsýslumboð).

Embætti landlæknis þakkar tækifæri til að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Frumvarpi þessu er ætlað að koma til móts við einstaklinga sem vegna andlegra og/eða líkamlegra skerðinga geta ekki notast við hefðbundin rafræn skilríki til að auðkenna og innskrá sig í stafræna heilbrigðisþjónustu. Frumvarpið felur í sér heimild til handa sérfræðilæknum til að veita þriðja aðila umsýslumboð fyrir hönd einstaklings 16 ára og eldri sem er ófær um að veita slíkt umboð sjálfur. Einnig felur frumvarpið í sér heimild til handa einstaklingum 16 ára og eldri til að óska eftir því við sérfræðilækni að hann skrái rafrænt umsýslumboð fyrir þeirra hönd til eins eða fleiri einstaklinga.

Rétt eins og þegar um hefðbundna heilbrigðisþjónustu er að ræða er brýnt að almenningur eigi kost á öruggri stafrænni heilbrigðisþjónustu og að samskipti einstaklings og heilbrigðisstarfsmanna séu örugg. Tæknilegar lausnir, s.s. heilbrigðisgáttir á borð við Heilsuveru, sem notaðar eru til stafrænnar heilbrigðisþjónustu, þurfa að standast strangari kröfur um öryggi og aðgangsstýringu en almennt gengur og gerist, einkum í ljósi ákvæða laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Í skilyrðum embættis landlæknis um upplýsingaöryggi er gerð er krafa um að auðkenning allra aðila fari fram með fullgildum rafrænum skilríkjum af fullvissustigi LoA4 skv. ISO/IEC 29115:2013.

Þeir einstaklingar sem vegna andlegra og/eða líkamlegra skerðinga geta ekki notast við þessi hefðbundnu rafrænu skilríki sem gefin eru út af Auðkenni/Íslandsrót standa frammi fyrir því að geta ekki fengið aðgang að stafrænni heilbrigðisþjónustu og mikilvægt er að finna lausn á þessum vanda.

Haustið 2020 var settur á fót óformlegur vinnuhópur að frumkvæði landlæknis, Ölmu D. Möller, til að fjalla um málefni tengd rafrænni auðkenningu jaðarhópa. Vinnuhópurinn leitaði liðsinnis hagsmunaaðila og skilaði skýrslu til heilbrigðisráðuneytisins og kynnti fyrir þáverandi heilbrigðisráðherra, Svandísi Svavarsdóttur, haustið 2021. Í kjölfarið af þeirri vinnu hefur embætti landlæknis setið í tveimur vinnuhópum sem unnið hafa að lausnum á rafrænu

aðgengi fatlaðs fólks að opinberri þjónustu, þá fyrst og fremst aðgengi að heilbrigðisgáttum (s.s. Heilsuveru). Minnisblaði með tillögum starfshóps um rafrænt aðgengi fyrir fatlað fólk var skilað inn til ráðherra 19. apríl sl. Embætti landlæknis óskar eftir að þær tillögur séu nýttar til áframhaldandi vinnu við að koma til móts við þann fjölbreytta hóp sem ekki getur nýtt sér hefðbundin rafræn skilríki til að auðkenna og innskrá sig í stafræna heilbrigðisþjónustu.

### *Athugasemdir við einstaka greinar*

#### **Greinargerð**

##### *3. gr.*

##### *2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar*

Í greininni kemur fram að gert sé ráð fyrir eftirlitsheimildum embættis landlæknis þannig að unnt sé að bregðast við mögulegu misferli með því að takmarka, afturkalla eða banna notkun og/eða útgáfu á umsýslumboði. Embætti landlæknis tekur undir að nauðsynlegt sé að embættið hafi úrræði til að bregðast við ábendingum um misferli við veitingu eða notkun á umsýslumboði en að mikilvægt sé að útfærslu þessa eftirlits séu gerð skil í reglugerð.

Í greininni kemur einnig fram að stefnt sé að því að árið 2030 hafi allir landsmenn ótakmarkaðan aðgang að eigin sjúkraskrá í gegnum Heilsuveru, sem er samskiptagátt einstaklinga og heilbrigðisstarfsmanna á landsvísu. Í heilbrigðisstefnunni er enn fremur tekið fram mikilvægi þess að taka tillit til ólíkra þarfa mismunandi hópa, til að mynda þeirra sem búa við færniskerðingu. Embætti landlæknis vill leggja áherslu á að umsýslumboðið sem frumvarpið fjallar um er aðeins eitt skref í átt að framtíðarlausn fyrir þá einstaklinga sem ekki geta notast við hefðbundin rafræn skilríki. Mikilvægt er að unnið sé áfram markvisst að því að þróa og innleiða aðrar leiðir til sannvottunar, auðkenningar og innskráninga sem henta breiðari hóp og uppfylla öryggiskröfur. Lagt er til að frumvarpið taki gildi 1. september 2024. Uppfæra þarf kerfi embættis landlæknis og því þarf að veita svigrúm til þess áður en heimildin getur komið til framkvæmda. Embætti landlæknis tekur undir þetta.

#### **Greinargerð**

##### *3. gr.*

##### *3.1. Umsýslumboð*


Í greininni kemur fram að lagt sé til að veiting og skráning umsýslumboðs fari fram með þeim hætti að sérfræðilæknir skrái umboð rafrænt og eftir atvikum veiti það og umsýslumboðið verði síðan vistað í öruggum, miðlægum grunni, t.d. umboðsgrunni embættis landlæknis. Embætti landlæknis vill koma því á framfæri að mikilvægt sé að almenn útfærsla á stafrænu umboðskerfi, hvar svo sem það er vistað, sem heldur utan um heimildir, t.a.m. um umsýslumboðshafa, byggi á lögum, reglugerðum og viðurkenndum viðmiðum fyrir rafræna auðkenningu og traustþjónustu á evrópska efnahagssvæðinu. Ákvörðun um útfærslu á

stafrænu umboðskerfi þarf að vera í samræmi við þróun nýrra lausna á vettvangi Evrópusambandsins fyrir viðtæk not á vottorðum fyrir allar faggreinar og þjónustusvið.

Það er niðurstaða landlæknis að allar lagabreytingar sem leiða til jafnara aðgengi almennings að rafrænni heilbrigðisþjónustu séu til bóta en lögð er áhersla á að umsýsluumboð sem umrætt frumvarp tekur til er eitt skref í átt að framtíðarlausnum. Umsýsluumboð veitir takmarkaðan aðgang að heilbrigðisgáttum, þ.e.a.s. ekki beinan aðgang að sjúkraskrá einstaklingsins og er því ekki ætlað að takmarka sjálfsákvörðunarrétt einstaklings heldur veita aðila honum nákomnum umboð fyrir hans hönd til að sýsla með ákveðna og afmarkaða þjónustu innan heilbrigðisgátta sem hann gæti að öðrum kosti ekki nýtt sér. Sá hópur sem ekki getur notast við hefðbundin rafræn skilríki er ekki einsleitur og mikilvægt er í framhaldinu að það sé horft til þess að innleiddar verði aðrar auðkenningar- og innskráningarleiðir standist þær öryggiskröfur þar sem sjálfsákvörðunarréttur og sjálfstæði hvers einstaklings er hafður í fyrirrúmi.

Að öðru leyti eru engar frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

  
Kjartan Hreinn Njálsson  
aðstoðarmaður landlæknis